



ORKUSTOFNUN

Efnasamsetning á köldu vatni við Hvolsvöll

Guðrún Sverrisdóttir

Greinargerð GSv-93-01



Efnasamsetning á köldu vatni við Hvolsvöll.

Snemma á síðasta ári tók starfsmaður Orkustofnunar sýni af köldu vatni á þremur stöðum á Hvolsvelli eða í nágrenni. Í borholunum var einnig mælt rennsli og vatnsbord. Sýnin voru tekin á eftirtoldum stöðum. Úr nýrri borholu í landi Miðkrika. Dælt hafði verið úr holunni í nokkra daga fyrir sýnatöku. Þá var tekið sýni úr vatnsbóli hreppsins í Krappa, og að lokum úr borholu við frystihúsið á Hvolsvelli. Úr þeirri holu var dælt í þrjár klukkustundir fyrir sýnatöku. Niðurstöður efnagreininga allra helstu uppleystra efna eru í meðfylgjandi töflu.

Í töflunni sést að vatnið í Krappa er ágætis neysluvatn, en samsetning vatnsins úr borholunum er óvenjuleg og óæskileg til flestra nota. Bæði hafa sýnin hærra innihald uppleystra efna en venjulegt neysluvatn og sameiginlegt einkenni er hátt karbónat. Hátt karbónat ásamt fremur lágu sýrustigi eins og er í frystihússholumni, veldur því oft að mikið er af frjálsri kolsýru í vatninu sem gerir það mjög tærandi fyrir járnlagnir. Þar að auki er járninnihald vatnsins miklu meira en alþjóðlegir neysluvatnsstaðlar gefa upp sem mesta leyfilegt magn, en það er um 0,3 mg/l. Miðkrikavatnið hefur ekki svo hátt járninnihald, en nítrat í því er hærra en mesta æskilegt magn samkvæmt sömu stöðlum. Ástæður hins háa efnainnihalds eru sennilega af tvennum toga. Aðalástæðan er mengun frá ræktun á láglendinu. Það er einkum karbónatið svo og nítrat í annarri holunni sem bendir til þess. Láglendið þarna er byggt upp af gömlum áraurum eða söndum og hafa þau jarðlög mjög lítt halla þannig að grunnvatnið endurnýjar sig mjög hægt. Þess vegna verður mengun frá jarðrækt svo viðvarandi. Önnur ástæða hás efnainnihalds kann að vera forn sjávarmengun frá því sjávarstaða var miklu hærri en nú er. Þó vatnið sé ekki beinlínis salt er meira af klóriði, natríum, kalsíum og magnesíum í því en venjulegt er um íslenskt ferskvatn.

Vatnsbólið í Krappa er greinilega af allt öðru tagi, kemur enda upp undan hrauni sem er einkar góð síða fyrir neysluvatn. Að framansögðu sýnist hæpið að bora fyrir neysluvatni á láglendinu í nágrenni Hvolsvallar.

Tafla. Efnasamsetning vatns (mg/l).

Staður Dagsetning Númer	Miðkriki borhola 92-01-28 92-9001	Krappi vatnsból 92-01-28 92-9002	Hvolsvöllur borhola v/frystihús 92-01-28 92-9003
Hiti (°C)	5,3	3,9	6,6
Rennsli (kg/s)	0,76	-	0,74
Vatnsborð (m)	1,76	-	4,95
Sýrustig (pH/°C)	7,70/23	8,05/23	7,34/23
Kísill (SiO_2)	28,8	19,4	34,9
Natríum (Na)	21,4	11,6	51,5
Kalíum (K)	2,1	1,1	2,1
Kalsíum (Ca)	25,2	7,1	15,6
Magnesíum (Mg)	14,9	4,0	8,9
Karbónat (CO_2)	109,7	35,0	151,1
Súlfat (SO_4)	5,6	3,0	10,6
Brennist.vetni (H_2S)	0	0	0
Klóríð (Cl)	25,0	11,3	18,4
Flúoríð (F)	0,16	0,19	0,37
Brómíð (Br)	0,076	0,031	0,056
Nítrat (NO_3)	7,30	0,24	0
Ál (Al)	0,003	0,008	-
Járn (Fe)	0,04	0	7,9
Súrefni (O_2)	6	9	0,05
Uppleyst efni	210	86	256

- ekki mælt